



SKÓGRÆKTARFÉLAG ÍSLANDS

Þórunnartúni 6, 105 REYKJAVÍK - SÍMI 551 8150 - FAX 562 7131
NETFANG skog@skog.is - VEFFANG skog.is

Stjórnarfundur Skógræktarfélags Íslands Haldinn í Þórunnartúni 6, mánudaginn 14. janúar 2019 kl. 16:30.

(Fundur nr. 5. frá Hellu)

Mætt: Laufey Hannesdóttir, Valgerður Auðunsdóttir, Jens B. Baldursson, Ragnhildur Freysteinsdóttir, Þuríður Yngvadóttir, Sigrún Stefánsdóttir (um Skype), Páll Ingbór Kristinsson (um Skype), Jónatan Garðarsson og Aðalsteinn Sigurgeirsson (sem ritaði fundargerð).

Dagskrá fundar

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar
Samþykkt með orðalagsbreytingum.

2. Rótarskot – samstarfssamningur við Slysavarnarfélagið Landsbjörg

Þvert á það sem boðað var á síðasta stjórnarfundum, var ákveðið skömmu fyrir jól að hefja verkefnið „Rótarskot“ í samstarfi við Landsbjörg. Íslenska Gámafélagið, Hekla og Olís báru kostnaðinn af hönnun sem unnin var af Hvíta húsinu.

Gerður var samningur til 6 mánaða og fær SÍ 450 kr. á hvert selt tré (af 3.990 kr.).

Eftir er að útkljá smáatriði í sambandi við gróðursetningu trjáa með vorinu, s.s. staðsetningu á Hafnarsandi,

tegundaval o.s.frv. Fram kom tillaga um að reynt yrði að nota „græðlinga“ (órætta stiklinga aspar- og víðitegunda) sem yrði stungið í sandinn síðla vetrar eða snemma vors (fyrir laufgun).

Nokkur óánægja var meðal ólíkra félaga innan Landsbjargar með þá ákvörðun að öll trén skyldu gróðursett á einum stað; Hafnarsandi. Þetta var rætt innan Landsbjargar og lagði formaður SÍ til að þegar verkefnið verður orðið stærra í sniðum verða áramótaskógar gróðursettir víðar um land, í samstarfi félagsmenn Landsbjargar og skógræktarfélaga á hverjum stað. Stjórnarmenn lýstu mikilli ánægju með hvernig til tókst með að hleypa verkefninu af stokkunum í fyrsta sinn og vona að samstarfsverkefnið vaxi og dafni á komandi árum.

3. Alþjóðlegur dagur skóga 21. mars – dagurinn er helgaður skógum og menntun

Grasagarðurinn í Reykjavík vill gjarnan vera með í einhverjum viðburði þennan dag, í samstarfi við SÍ.

4. Fulltrúafundur 2019

16. mars, staðsetning óákveðin. Finna þarf stað og góða dagskrá fljótlega. Skrifstofu SÍ er falið að ganga frá þessu.

5. Opinn skógur

Icelandair dró sig út úr samstarfinu í lok síðasta árs. Óskað var eftir hugmyndum um hvert ætti að leita, eftir stuðningi. Rætt var um álverin og önnur stór fyrirtæki. Við höfum verið með olíufyrirtæki, banka, flugfyrirtæki. Erfiðlega gengur að ná fjármunum út úr stórfyrirtækjum. Þau eru gjarnan með einhverja smáræðis „samfélagssjóði“ sem þeir veita smápeningum úr og þá sem víðast. Kanna þarf með stuðning frá Framkvæmdasjóði ferðamannastaða.

6. Félagsskírteini

Ragnhildur ræddi um möguleika á að breyta félagsskírteini skógræktarfélaganna fyrir einstök félög, vegna fyrirspurnar frá einu skógræktarfélagi þar að lútandi.. Sum skógræktarfélög vilja veita sínum félögum sérkjör á t.d. eldiviði, jólatrjám eða öðrum afurðum. Í slíkum tilvikum telur stjórn SÍ eðlilegast að viðkomandi félag gefi út eigin skírteini fyrir félagsmenn sína, eða kynni þessi sértæku afsláttarkjör á heimasíðu eða með öðrum hætt. Annað skapar mikið óhagræði.

7. Græni stígurinn – fundur

Búið er að ræða þetta á fundi SSH. Nauðsynlegt að S.Í. bjóði sveitarstjórnarfólki á höfuðborgarsvæðinu upp á kynningu á Græna stígunum, eina ferðina enn, þar sem margir nýir komu inn í sveitastjórnirnar í síðustu kosningum sem þekkja ekki til þessa verkefnis.

8. Landgræðslusjóður – fundur 7. jan. s.l.

Þuríður og Jónatan sögðu frá fundinum. Á fundinum var Þuríður Yngvadóttir kjörin formaður, Árni Bragason ritari og Þröstur Eysteinnsson varaformaður. Á fundinum var kynnt mál eignarhalds á Ingunnarstöðum í Brynjudal en þar virðist eitthvað málum blandið (gögn stemma ekki).

9. Önnur mál

Stjórnarfolk undirritaði skjal vegna áframhaldandi yfirdráttarheimildar í viðskiptabanka SÍ.

Sendiherra Indlands á Íslandi hefur staðfest að gróðursetning í tilefni af því að 150 ár eru liðin frá fæðingu Mahatma Ghandi verður í Vinaskói á Degi umhverfisins 5. júní næstkomandi.

Fundi slitið kl. 18:00.